

Atvinnuveganefnd Alþingis,
Nefndasvið
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 143/975
komudagur 7.2.2014

Garðabær, 06. febrúar 2014
· 2014010024/42-1-3

TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar - 211. mál, umsögn

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 16. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landsgræðslu.

Náttúrufræðistofnun tekur undir að endurskoða þarf lög um skógrækt og landgræðslu, sbr. c lið, og sérstaklega þarf að laga starfsemi þessara „geira“ að lögum um náttúruvernd. Aðal markmið landgræðslu er að endurheimta náttúruleg vistkerfi sem hafa eyðst. Skógrækt hér á landi hefur að langstærstum hluta verið stunduð á landi sem er gróið og hefur markmiðið ýmist verið nytjaskógrækt eða fjölnytjaskógrækt. Þó yfirlýst markmið skógræktar hafi verið endurheimt skóga landsins þá hefur það engu að síður verið gert að miklum hluta með framandi trjátegundum og hefur það því haft áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Skógrækt hér á landi hefur því ekki verið, að stórum hluta, endurheimt náttúrulegra vistkerfa eða landgræðsla enda plantað í gróið land. Það er því oft mjög mikill eðlismunur á starfsemi Landgræðslunnar og Skógræktar ríkisins og/eða Landshlutaverkefna í skógrækt og alls ekki sjálfgefið að markmið þessara aðila fari saman, þ.e. endurheimt vistkerfa og nytjaskógrækt sem atvinnustarfsemi. Það er heldur alls ekki víst að saman fari stjórnsýsla á tiltekinni atvinnustarfsemi og svo landgræðslu, sbr. b lið, heldur þarf að skoða þetta í víðara samhengi við aðra landnotkun. Einnig þarf að gera skýran greinarmun á hvort um sé að ræða ríkistofnanir eða einkarekstur. Ríkisstofnanir hafa ákveðna ábyrgð og skyldum að gegna með allt öðrum hætti en einkafyrirtæki og/eða einstaklingar í skógrækt.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er það sjálfsagt að efla rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt þ.m.t. arðsemi skógræktar, sbr. a lið. Það hefur að því er virðist hins vegar aldrei verið skoðað/rannsað hlutlaust ofan í kjölinn hver arðsemi skógræktar á Íslandi getur orðið eða hvort hún komi til með að standast samkeppni við skógrækt erlendis sem er gríðarlega umfangsmikil. Það er því spurning hvort þessi atvinnugrein, þó hún skili vafalaust ákveðnum einstaklingum gæðum, geti nokkurn tímann skilað neytendum lægra verði á timbri eða vörum úr timbri sem líka eru að mestu innfluttar nema með einhvers konar verndarkerfi. Það þarf því að spyrja þeirra spurningar hvort það sé þeim sem borga skógrækt, skattgreiðendum, í hag að styrkja hana séð út frá öllum hliðum. Það er t.d. spurning í dag hvort sala á kurli frá Norður-



og Austurlandi til járnblendis á Grundartanga sé ekki niðurgreidd af ríkinu þegar horft er til alls kostnaðar. Náttúrufræðistofnun bendir á þetta í beinum tengslum við sjálfbæra þróun þ.e. að styrkjakerfi/fyrirgreiðslu kerfi sem ýta undir ákveðna landnotkun verða einnig að mati stofnunarinnar að taka tillit til þess hvort viðkomandi landnotkun hafi neikvæð áhrif á íslenska náttúru. Þetta ber að skoða mjög vandlega áður en haldið er af stað. Rétt er t.d. að benda á afleiðingar styrkja til framræslu votlendis, sem vissulega má segja að hafi haft sínar réttmætu ástæður, leiddu til mun meiri framræslu votlendis en nauðsynlegt var vegna eðli styrkjakerfisins. Það þarf því ekki eingöngu að efla rannsóknir tengdum ákveðnum atvinnuvegi og uppbyggingu hans heldur einnig um leið rannsóknir sem taka á hvers konar skógrækt gæti hentað og afleiðingum eða áhrifum skógræktar hvort sem um er að ræða á náttúrufar eða félagslegslega og efnahagslega þætti.

Til að valda ekki misskilningi vill Náttúrufræðistofnun taka fram að stofnunin telur skógrækt sjálfsagða og geta skilað ýmsum gæðum. Náttúrufræðistofnun vill hins vegar jafnframt ítreka það sem stofnunin hefur bent á mörg undanfarin ár að það þurfi muni meiri náttúrufarsgreiningu á landi til að samræma ýmsa landnotkun s.s. skógrækt og annan landbúnað, náttúruvernd og þá sérstaklega m.t.t. líffræðilegra fjölbreytni og landslagsverndar. Skógrækt hér á landi hefur oft verið í andstöðu við vernd líffræðilegrar fjölbreytni og því miður verður það að segjast að lítil vilji hefur verið til viðurkenna megin markmið og skilning hugtaka við vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Skógræktaráðilar hér á landi hafa oft verið í andstöðu við ýmis ákvæði og markmið samningsins um vernd líffræðilegrar fjölbreytni þvert á kollega sína í öðrum löndum. Það er því nauðsynlegt að samþætta skógræktaráætlanir við aðra landnotkun þ.m.t. við náttúru- og menningarminjavernd í samræmi við lög. Benda má á framangreindu til staðfestingar að engin skógræktaráætlun hefur verið gerð í samræmi við lög um landshlutaverkefni í skógrækt þó skógræktaráætlanir fyrir einstaka jarðir hafi verið gerðar. Setja þarf kröfur um lágmarksgögn og gæði gagna við gerð skógræktaráætlana svo hægt sé að taka upplýsta ákvörðun um skógrækt.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

